

Skólaráðsfundur 14. janúar 2015

Dagskrá:

1. Fyrstu hugmyndir varðandi skóladagatal
2. Skólabyrjun - tímasetning
3. Önnur mál

Mættir: Kristín Jóh., Hafdís Bjarnadóttir, Erlendur Steinar, Linda Rós, Helga Vilhjálmsdóttir og Unnur Elfa, Ylfa og Hafþór.

Umræður:

1. Árshátíð á föstudegi

Meðal starfsmanna var gerð könnun og niðurstaðan var afgerandi. Starfsfólk vill prófa að hafa árshátíð á föstudegi. Þá yrðu nemendasýningar að morgni og kennslu lyki eftir það með matarhléi. Svo yrði fyrri sýning kl. 13.30 og kl. 16.00 yrði seinni sýning. Árshátíðarball 10. bekkinga yrði þá um kvöldið.

Hvatinn að þessu kemur í fyrstu frá nemendum um að hafa árshátíðarball á föstudegi. Það er erfitt en framkvæmanlegt að hafa árshátíð eftir árshátíðarball en það væri mjög gott að ljúka árshátíð af fyrir ball. Í starfsmannahópnum hefur lengi verið sú umræða að það sé ekki spennandi að hafa þetta á laugardegi því starfsmenn vilja hafa frí um helgar. Eins eru líka margir í hópnum mjög ánægðir með að hafa árshátíðina á laugardegi. Könnunin var sett upp þannig að þetta væri tilraun og fólk er ekki endilega að taka afstöðu til þess að færa árshátíðina varanlega, meira að gefa þessu tækifæri og skoða þetta.

Það vantar enn svör frá foreldrafélagi um það hver þeirra afstaða til þessa máls er. Það liggur á því að fá hana sem fyrst til að hægt verði að afgreiða skóladagatal næsta árs. Fulltrúi foreldrafélags segist persónulega vera á móti því að færa árshátíð yfir á föstudag nema hreinlega með því að sleppa kaffihlaðborði. Það er fórn sem við erum alls ekki tilbúin til að færa.

Fulltrúar foreldra í skólaráði er sammála því að það sé ekki spennandi kostur að færa árshátíð fram til föstudags því hættan verði að það myndist ekki eins mikil stemning og samkennd eins og gerist á laugardeginum.

Fundi foreldrafélags var frestað og næsti fundur er áætlaður á þriðjudaginn í næstu viku, þann 17. febrúar. Kristín heyrir í foreldrafélagi um niðurstöður umræðna þeirra.

Ferð á Reyki hefur ekki verið staðfest og mögulegt er að samþykkja dagatal með fyrirvara um breytingar á þeirri dagsetningu.

Skólasetning er áætluð samkvæmt skóladagatali föstudaginn 21. ágúst og skólaslit eru áætluð mánudaginn 6. júní. Litlu jól eru svo sett á 18. desember og 21. desember verður frídagur.

Skólaráð samþykkir skóladagatal með þeim fyrirvörum að árshátíð verði á föstudegi/laugardegi og að ferð 7. bekkjar á Reyki gæti færst til.

2. Skólabyrjun 8.00/8.15

Umræður fóru fram á starfsmannafundi um hvort færa ætti skólabyrjun og/eða að breyta fyrirkomulagi frímínútna. Þá kom fram sú niðurstaða að hafa ætti áfram alla nemendur í 1.-7. bekk saman í frímínútum svo það verður reynt.

Unglingastig vildi koma fram með málamiðlun og byrja kl. 8.10.

Niðurstaða fundar var sú að hafa skólabyrjun kl 8.10 eða 8.15. 8.10 hentar betur upp á valgreinar en það munar litlu. Þessi umræða verður tekin fyrir aftur og afgreidd í starfsmannahópnum.

3. Önnur mál:

- a.** Á skólastjórafundi ræddi Kristín við skólastjóra í öðrum skólum um að efla samstarf milli Oddeyrarskóla og annarra skóla í bænum. Þetta var í kjölfarið rætt t.d. í Síðuskóla og í framhaldinu kom 8. bekkur í Síðuskóla í heimsókn og eyddi hér hálfum skóladegi. Það gekk mjög vel og hugmyndin er að þróa þetta áfram með samstarfi yngri nemenda við vinabekki í öðrum skólum. 9. bekkur ætlar sér að bjóða 9. bekk í Giljaskóla í heimsókn til sín.
- b.** Samstarf milli leik- og grunnskóla hefur verið í umræðunni varðandi að samræma starfs- og frídaga.
- c.** Við ætlum að sækja um Evrópustyrk til Erasmus+ til að efla hugtakaskilning og læsi í sambandi við lykilhæfnina.
- d.** Við fengum bréf frá pólskri konu þar sem hún óskaði eftir samstarfi um stærðfræðikennslu á miðstigi í gegnum upplýsingatækni eða tölvur. Við erum sem stendur á leiðinni í það samstarf og erum að leita eftir fleiri samstarfsaðilum, t.d. í Svíþjóð og Skotlandi. Þá sækjum við um styrki fyrir ferðir á milli landanna og kennarar fara í hlutverk skuggakennara.

- e. Tónlistarkennsla. Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra um hvort við séum að sinna þessari skyldu okkar. Það er á gráu svæði en það er mjög erfitt að fá menntaða tónlistarkennara til starfa. Við höfum ekki menntaðan tónlistarkennara hér en höfum þó verið að sinna tónlistarkennslu í smiðjum á yngsta stigi. Eins er áhugasamur kennari innanhúss sem tók að sér tónlistarstjórn í tengslum við árshátíð. Það er mjög dýrt að hafa kór og þarf að greiða allt að þrefalt fyrir kórstjórn. Það hefur ekki verið svigrúm til þess.

Næsti fundur á dagskrá annan miðvikudag í mars, 11. mars.

Fundi slitið kl. 11.07.

Ritari: Linda Rós